



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/1125
komudagur 5.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 197. mál, lagt fyrir 138. löggjafarþing Alþingis 2009 - 2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 25. febrúar 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Það er mat Tollstjóra að verði frumvarpið að lögum geti það í vissum tilvikum leitt til þess að auknir fjármunir verði til skipta við gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga og fyrirtækja og þannig leitt til þess að kröfuhafar fái hærra hlutfall krafna sinna greitt við gjaldþrotaskiptin en ella.

Með vísan til ofangreinds er talið að hagsmunum hins opinbera sé betur borgið með því að lengja tímabundið riftunarfresti í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri